

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Árshlutareikningur

1/1 - 30/6 2010

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Iðavöllum 12
230 Reykjanesbær
kt. 640479-0279

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Árshlutareikningur

1/1 - 30/6 2010

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2010. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju og gjaldarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sambandsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2010 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 30. ágúst 2010.

Deloitte hf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Á tímabilinu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstörf við starfsemi þess og tengdra fyrirtækja en hluti launakostnaðar er síðan gjaldfærður hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á tímabilinu námu samtals 17,2 milljónum króna. Hagnaður tímabilsins nam um 539 þúsundum króna og eigið fé í lok tímabilsins var um 40,9 milljónir króna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með árshlutareikning sambandsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2010 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 30. ágúst 2010

Í stjórn



Sigmar Eðvarðsson
stjórnarformaður



Birgir Örn Ólafsson



Garðar K. Vilhjálmsson

Laufey Erlendsdóttir



Óskar Gunnarsson



Laufey Erlendsdóttir

Framkvæmdastjóri



Berglind Kristinsdóttir

Tekju- og gjaldareikningur tímabilsins 1/1 - 30/6 2010

		Skýr. 1/1 - 30/6 2010	Áætlun 1/1 - 30/6 2010	1/1 - 30/6 2009
Tekjur				
Rekstrartekjur		106.825.205	100.412.000	110.512.127
Aðrar tekjur		500.000	500.000	0
		<u>107.325.205</u>	<u>100.912.000</u>	<u>110.512.127</u>
Gjöld				
Laun og tengd gjöld	3	17.190.449	12.774.500	11.416.491
Önnur rekstrargjöld		29.967.280	14.800.990	18.967.366
Styrkir		20.349.997	22.174.000	27.973.375
Fjármagnsgjöld verkefna	5	11.913.268	10.245.376	19.779.396
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna		30.935.374	40.917.134	32.138.326
		<u>110.356.368</u>	<u>100.912.000</u>	<u>110.274.954</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(3.031.163)	0	237.173
Fjármunatekjur	4	4.403.033	0	8.455.835
Fjármagnsgjöld	5	(832.536)	0	(1.513.257)
Tekjuafgangur tímabilsins		<u>539.334</u>	<u>0</u>	<u>7.179.751</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

Eignir	Skýr.	30.06.2010	31.12.2009
Fastafjármunir			
Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja	6	167.741.930	202.616.741
Fjárfestingaverðbréf	7	500.000	500.000
Krafa á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna lífeyrisskuldbindinga	11,13	45.366.945	42.922.467
		<u>213.608.875</u>	<u>246.039.208</u>
Veltufjármunir			
Krafa vegna verkefna	8	3.127.870	54.496
Viðskiptakröfur	8	28.466.345	30.896.489
Krafa á tengda aðila	13	106.273.538	84.615.884
Aðrar skammtímakröfur	8	3.332.991	3.858.713
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja	6	96.611.000	99.122.000
Handbært fé	8	243.260	17.173.402
		<u>238.055.004</u>	<u>235.720.984</u>
Eignir		<u>451.663.879</u>	<u>481.760.192</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2010

Eigið fé og skuldir	Skýr.	30.06.2010	31.12.2009
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		40.923.619	40.384.285
Eigið fé		<u>40.923.619</u>	<u>40.384.285</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	10	188.160.224	209.683.324
Lífeyrisskuldbinding	11	77.942.476	73.742.751
		<u>266.102.700</u>	<u>283.426.075</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld vegna verkefna	12	32.154.016	35.531.079
Viðskiptaskuldir	12	8.170.835	6.582.339
Skuldir við lánastofnanir		17.795.913	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	80.640.096	103.906.164
Aðrar skammtímaskuldir	12	5.876.700	11.930.250
		<u>144.637.560</u>	<u>157.949.832</u>
Skuldir		<u>410.740.260</u>	<u>441.375.907</u>
Eigið fé og skuldir		<u>451.663.879</u>	<u>481.760.192</u>

Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1 - 30/6 2010

	1/1 - 30/6 2010	1/1 - 30/6 2009
Rekstrarhreyfingar		
Tekjuafgangur tímabilsins	539.334	7.179.751
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum	1.755.247	0
Verðbætur langtímalána	42.575	1.333.994
Veltufé frá rekstri	2.337.156	8.513.745
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun	(117.508)	4.096.592
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)	(7.842.117)	(5.226.075)
Handbært fé frá (til) rekstri	(5.622.469)	7.384.262
Fjárfestingahreyfingar		
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna	(4.952.912)	(7.569.621)
Afborganir langtímaverkefna	49.561.005	47.850.000
Krafa á tengda aðila lækkun (hækkun)	(21.657.654)	(15.066.222)
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf	0	(500.000)
	22.950.439	24.714.157
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(52.054.025)	(49.075.414)
Skuld við tengda aðila hækkun (lækkun)	0	(5.851.648)
Hækkun (lækkun) á skammtímaskuldum við lánastofnanir	17.795.913	0
	(34.258.112)	(54.927.062)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(16.930.142)	(22.828.643)
Handbært fé í upphafi árs	17.173.402	47.408.308
Handbært fé í lok tímabilsins	243.260	24.579.665

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Gerður er sérstakur rekstrarreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Brunavarnir Suðurnesja. Tekjur og gjöld vegna annarra verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði vegna verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisriskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	30.06.2010	30.06.2009
Laun	14.022.146	12.662.195
Launatengd gjöld	5.516.559	2.821.792
Annar starfsmannakostnaður	151.765	312.241
Þátttaka annarra í launakostnaði	(10.961.520)	(8.012.969)
Laun og launatengd gjöld verkefna	8.461.499	3.633.232
	<u>17.190.449</u>	<u>11.416.491</u>

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar.

Skýringar

4. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur vegna reksturs:

	30.06.2010	30.06.2009
Vaxtatekjur af bankareikningum	233.943	2.275.155
Vaxtatekjur fluttar frá öðrum verkefnum	3.510.233	4.892.092
Aðrar vaxtatekjur	658.857	1.288.588
	<u>4.403.033</u>	<u>8.455.835</u>

5. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld vegna verkefna:

	30.06.2010	30.06.2009
Vaxtagjöld verkefna	11.913.268	19.779.396
	<u>11.913.268</u>	<u>19.779.396</u>

Fjármagnsgjöld vegna reksturs:

	30.06.2010	30.06.2009
Vaxtagjöld flutt á önnur verkefni	(69.008)	(1.206.060)
Önnur vaxtagjöld	901.544	2.719.317
	<u>832.536</u>	<u>1.513.257</u>

6. Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka tímabilsins og greinast þannig:

	30.06.2010	31.12.2009
Staða í byrjun tímabilsins	301.738.741	351.747.117
Greiðslur frá sveitarfélögum	(49.561.005)	(95.700.000)
Vextir, verðbætur og annar kostnaður vegna langtímalána	12.175.194	45.691.624
	<u>264.352.930</u>	<u>301.738.741</u>
Næsta árs afborganir	(96.611.000)	(99.122.000)
Fært á meðal fastafjármuna	<u>167.741.930</u>	<u>202.616.741</u>

Skýringar

7. Fjárfestingaverðbréf

	30.06.2010	31.12.2009
Eignarhlutar í öðrum félögum	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Staða í byrjun tímabilsins	500.000	0
Keypt á tímabilinu	0	500.000
Staða í lok tímabilsins	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
Fært meðal fastafjármuna	500.000	500.000
	<u>500.000</u>	<u>500.000</u>

8. Aðrar peningalegar eignir

Krafa vegna verkefna

	30.06.2010	31.12.2009
Héraðsnefnd Suðurnesja	54.496	54.496
Lundur	500.000	0
Markaðsstofa Reykjaness	1.125.000	0
Æskulýðsmál	1.448.374	0
	<u>3.127.870</u>	<u>54.496</u>

Viðskiptakröfur

	30.06.2010	31.12.2009
Innlendar viðskiptakröfur	36.494.356	38.071.141
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(8.028.011)</u>	<u>(7.174.652)</u>
	<u>28.466.345</u>	<u>30.896.489</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um rúmar 8 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um tæpar 7,4 milljónir króna en rúmar 660 þúsund krónur eru vegna annara krafna. Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna á tímabilinu greinist þannig:

	30.06.2010	31.12.2009
Staða í byrjun tímabilsins	7.174.652	5.050.167
Tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu.....	(212.435)	(376.833)
Gjaldfærð niðurfærsla á tímabilinu.....	<u>1.065.794</u>	<u>2.501.318</u>
Staða í lok tímabilsins	<u>8.028.011</u>	<u>7.174.652</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

8. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2010	31.12.2009
Ríkissjóður	2.087.048	3.558.578
Fyrirframgreidd laun	1.012.000	0
Áunnar vaxtatekjur bankareikninga	233.943	0
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	0	300.135
	<u>3.332.991</u>	<u>3.858.713</u>

Handbært fé

	30.06.2010	31.12.2009
Bankainnistæður í íslenskum krónum	243.260	17.173.402
	<u>243.260</u>	<u>17.173.402</u>

9. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2010	40.384.285
Tekjuafgangur tímabilsins	539.334
Eigið fé 30.06.2010	<u>40.923.619</u>

10. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir	
	30.06.2010	31.12.2009
Skuldir í ISK	268.800.320	313.589.488
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(80.640.096)	(103.906.164)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins	<u>188.160.224</u>	<u>209.683.324</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		Aðrar langtímaskuldir
Afborganir 1/7 2010 - 30/6 2011		80.640.096
Afborganir 1/7 2011 - 30/6 2012		80.640.096
Afborganir 1/7 2012 - 30/6 2013		80.640.096
Afborganir 1/7 2013 - 30/6 2014		26.880.032
		<u>268.800.320</u>

Skýringar

11. Skuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar

Sambandið hefur á undanförunum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2009 og uppreiknuð miðað við launavísitölu fyrir opinbera starfsmenn til 30. júní 2010 auk 2% vaxta. Skuldbindingin fyrir starfsmenn sambandsins nemur 32,6 milljónum króna og fyrir starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 45,4 milljónum króna eða samtals 77,9 milljónum króna. Hækkun skuldbindingarinnar frá áramótum nam kr. 4.199.725 og greinist þannig að kr. 2.444.478 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og kr. 1.755.247 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi hjá sambandinu.

12. Aðrar peningalegar skuldir

Skuld vegna verkefna

	30.06.2010	31.12.2009
Almannavarnir	332.694	148.470
Almenningssamgöngur	889.297	1.375.858
Atvinnuþróun	4.541.336	8.490.349
Björgin, athvarf geðfatlaðra	4.000.000	0
Heilsugæslustöð vegna lífeyrisskuldbindinga	189.822	65.901
Landgræðsla	750.000	0
Menningarmál	13.084.986	18.258.688
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	1.125.000	0
Nefndalaun	4.952.937	5.001.880
Þroskahjálp á Suðurnesjum	6	3
Æskulýðsmál	0	40.812
Öldrunarnefnd - þjónustuhópur	2.287.938	2.149.118
	<u>32.154.016</u>	<u>35.531.079</u>

Viðskiptaskuldir

	30.06.2010	31.12.2009
Innlendar viðskiptaskuldir	8.170.835	6.582.339
	<u>8.170.835</u>	<u>6.582.339</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	30.06.2010	31.12.2009
Áfallnir vextir á skuldir	1.120.001	2.171.522
Virðisaukaskattur	41.917	37.172
Fjármagnstekjuskattur	267.493	0
Ogreidd laun og launatengd gjöld	4.447.289	9.721.556
	<u>5.876.700</u>	<u>11.930.250</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06.2010	31.12.2009
Aðrar langtímaskuldir	80.640.096	103.906.164
	<u>80.640.096</u>	<u>103.906.164</u>

Skýringar

13. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Kröfur		Skuldir	
	30.06.2010	31.12.2009	30.06.2010	31.12.2009
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	19.115.099	18.093.691	0	0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	17.793.050	343.287	0	0
Brunavarnir Suðurnesja	69.365.389	66.178.906	0	0
	<u>106.273.538</u>	<u>84.615.884</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
HES vegna lífeyrisskuldbindinga	<u>45.366.945</u>	<u>42.922.467</u>		